

Krossnes

Guðmundur Bergsson skráði. Tölusetning innan hornklofa miðast við meðfylgjandi uppdrátt.

Skráð landamerki eru engin til milli Krossness og Kvíabryggju. En milli Rimabæjar og Krossness úr miðjum **Lómatjarnarhólma** (1) í **Merkjaglöpp** (2) [5], norðan Vatnastekks, austan **Gálutraða[r]vatns** (3) [6] og þvert yfir vatnið í **Skötunes** (4) [7]. Þaðan í **Merkjastein** (5) í **Staðarhlíð** (6) [14]. Milli Lágar og Krossness: Úr norðurhorni **Staðar** (7) [15] eftir **Ytri-Urðargarði** (8) til sjávar.

Bærinn Krossnes [70] stendur vestan Grundarfjarðar framarlega á nesi því, sem myndar fjörðinn. Er hann á hól sunnan við **Krossnesvatn** (9) [62]. Þaðan liggur ávalur, grasi gróinn harðbali í suður. Kallast þar **Rimi** (10) [72]. Er það gamall fjörुकampur með sæbörðu grjóti. Í austsuðaustur frá bænum eru gamlar rústir í túninu miðju; þar er sagt, að kot hafi verið stuttan tíma (**Bakkakot** (11) [71]). Suðvestur af túninu er flói, **Karlshúsafloí** (12) [76]. Syðst og austast í flóanum er holt, **Barnholt** (13) [1]. (Þar á að hafa fundizt útburður.) Suðvestur af Barnholti er annað holt, **Móholt** (14) [2], og í vestur af því **Vatnsbarðið** (15) [4] við Gálutraða[r]vatn.

Milli Gálutraðarvatns og Krossnesvatns rennur lækur, **Karlshúsalækur** (16) [23]. Austan hans, í miðjum flóanum, eru **Karlshús** (17) [75] (gamlar bæjarrústir). Í norður frá Karlshúsum er **Forna-Krossnes** (18) [73], hin upphaflega byggð; þar eru margar og misstórar rústir, stærst svonefnd **Kirkjurúst** (19). Í suður af Forna-Krossnesi er stór steinn í flóanum, sá eini sem þar er. Kallast hann **Gullsteinn** (20) [74] (er það álagasteinn).

Gálutraðarland er á milli Staðar austanverðrar og vestan Gálutraðarvatns, frá Skötunesi að sunnan og rétt norður fyrir Gálutraðarvatn (**Gálutröð** (21) [8] fór í eyði 1930). Engjarnar vestan vatnsins heita **Gálutraða[r]engjar** (22) [9] og hlíðin í Stöðinni þar upp undan **Gálutraðarhlíð** (23) [9]. Upp undan Gálutröð eru tveir grasi vaxnir blettir í Stöðinni, sem heita **Hjörtu** (24) [11]. eru þau í dökku móbergi, sem í eru fjöruskeljar og heitir **Skeljagarður** (25) [10]. Niður undan Hjörtum er grár stuðla-bergsgarður, sem kallast **Steinbogi** (26) [12]. Norðan Gálutraða[r] að **Kvíastekk** (27) á **Múla** (28) [28] kallast Staðarhlíð. Er hún með grasgeirum upp fyrir miðjar hlíðar, en efst, við Staðarkletta, kallast **Svaðar** (29) [13]. Tvær skriður eru um miðja hlíðina, **Stóraskriða** (30) [17] og **Litlaskriða** (31) [19]. Á milli þeirra er **Langigeiri** (32) [18], sem er grasi vaxinn allt að Staðarklettum. Upp undan Stóraskriðu er **Hrafnagjá** (33) [16], eina sprungan, sem er í Staðarklettum austanverðum, en Staðarklettar eru ókleifir, en greiður gangur er upp á Stöð að sunnanverðu, þar sem hún lækkar í tveim stöllum, sem kallast **Borgir** (34) (**Hærri-** (35) og **Lægri-Borgir** (36)). Stöð hét áður **Brimlárhöfði** (37) [15].

Neðst í hlíðarrótunum á Langageira er stór steinn, sem heitir **Biskupssteinn** (38) [20]. Engjarnar þar fyrir neðan heita **Krummengi** (39) [21]. Neðar í engjunum, nær Karlshúsalæk er **Mómýri** (40) [21A?]¹ (þar eru sverir trjálurkar í jörðu). Í miðjum flóanum er **Botnlausipyttur** (41) [22], lítið gat með vatni í. Flóinn nær niður að **Holti** (42) [25] við Krossnesvatn. Norðvestur af engjunum eru grasi grónar klettasyllur, sem kallast **Múlar** (43), norðvesturhornið kallast **Múlahorn** (44) [29]. Milli Holts og Múla er **Múlalækur** (45) [26]. Hlíðin kallast **Múlahlíð** (46) [30]. Vestur af Múlahlíð er **Sandvíkurhlíð** (47) [36], og vestur af henni, við Staðarkletta, eru djúpar lautir, sem heita **Dalir** (48) [31]. Úr Dölum liggja tveir girðingar upp á Stöð, **Dalagirðingur** (49) [33] og **Arnargirðingur** (50) [34]. Í Dölum er sérkennileg klettaborg með turnum, sem kallast **Tröllakirkja** (51) [32]. Þar vestur af er **Staðarrönd** (52), undarleg grjóthleðsla, sem

¹ Í nafnalista er Móflói.

kallast **Urðargarður** (53) (**Stóri-Urðargarður** (54) [37]). Við sjóinn austur af Stóra-Urðargarði eru **Urðarklettur** (55) [39], þá **Litli-Urðargarður** (56) [38] (að sumu leyti hlaðinn). Niður undan Litla-Urðargarði er **Skeggjaklöpp** (57) [40] í fjörunni.

Þá tekur við **Sandvíkurkampur** (58) [41]. Milli Urða, Múla og **Krossnesbjargs** (59) [53] eru **Sandvíkurflatir** (60) [42], en víkin öll heitir **Sandvík** (61) [43]. Milli Krossnesbjargs og Múla er Krossnesvatn. Úr því að norðanverðu rennur lækur, **Sandvíkurlækur** (62) [45], um tjörn undir Múlahorni og kemur til sjávar, þar sem Sandvíkin endar við Krossnesbjarg, en það er vestan við mynni Grundarfjarðar.

Inn í bjargið ganga margar skvömpur með snögum á milli. Það er einna mest að vestanverðunni, frá Sandvík og fram á **Bjargtá** (63) [50], enda heita það **Básar** (64) [47] þeim megin bjargsins. Þar er bjargið úr stuðlabergi, sem raðað er upp lóðréttum, sexstrendum grágrýtisstuðlum. Undir bjarginu vestanverðu, fremst við Bjargtána, hefur sjórinn brotið stuðlana, og kemur þar upp um fjöru merkilegt munstur, kallast það **Stallar** (65) [48]. Fremsti hluti bjargsins heitir **Krossnestangar** (66). Undir bjarginu í norður heita **Tangaflögur** (67) [49]. Fram undan bjarginu, þar sem það liggur inn með Grundarfirði, er allstór flúra, sem heitir **Þjófasker** (68) [52]. Á bjarginu fremst er allstór tjörn, sem aldrei þornar, **Bjargtjörn** (69) [54]. Á bjarginu er stór flói, sem heitir **Bjargflói** (70) [60]. Úr honum rennur lækur miðsvæðis á bjarginu, **Rauðusteinalækur** (71) [56]. Þar er eina greiða uppgönguleiðin inn að **Skothúsvík** (72) [64]. Rétt innan við lækinn er mjög langur snagi, **Langisnagi** (73) [57], og fram af honum allhár stuðlabergsdrangur, sem heitir **Stólpi** (74) [58]. Milli flóans og **Heimabjargsins** (75) [67] er hryggur þvert yfir bjargið; heitir hann **Hæðarhryggur** (76), og **Hæð** (77) [59] næst bjargbrún.

Suðaustur af Hæðinni er Skothúsvík. Suðaustur af henni er **Hamarinn** (78) [66], og endar þar aðalbjargið. Milli Skothúsvíkur og Hamars er brotið stuðlabergsgrágrýti, sem liggur eins og bjargið og liggur framan við fjörukampinn. Heitir það **Fótbörð** (79) [65].

Í vestur frá Hamri, rétt við Krossnesvatn, sprettur lind upp úr grjótinu. Er hún eins sumar og vetur (**Lindarauga** (80) [68]).

Suður frá Sandvík, austan Sandvíkurlækjar, en vestan Bjargflóa, liggur grjóthryggur, er kallast **Barð** (81) [55]. Nær það í nes, sem gengur út í Krossnesvatn norðanvert og heitir **Kiðanes** (82) [61]. Krossnesvatn er allstórt vatn í norðnorðvestur af túninu [72A] í Krossnesi, en beint á móti bænum er Kiðanes, en vestur af því er einn hólmur í vatninu, **Grjóthólminn** (83) [63].

Milli Forna-Krossness og nýja er mýrarsund. Eftir því rennur lækur úr Karlshúsaflóa; kallast hann **Bæjarlækur** (84) [77].

Eftirmáli.

Það, sem ég hefi skráð, hef ég borið undir bróður minn, Sigurvin Bergsson, sem er annar af núverandi eigendum Krossness og er fæddur þar og uppalinn.

Að engin landamerki skuli finnast á milli Krossness og Kvíabryggju, telur hann stafa af því, að sami maður hafi jafnan átt báðar jarðirnar, og þegar afi okkar, Guðmundur Skúlason, keypti á árunum milli 1870 - 1880, keypti hann báðar jarðirnar, en Kvíabryggja hafi verið veðsett, og þannig hafi hún farið úr hans eigu og aldrei verið gengið frá landamerkjum.

Guðmundur Bergsson

Rauðagerði 54

Reykjavík

Örnefnaskrá, sem fylgir uppdrætti.

Barnholt [1]	Tröllakirkja [32]
Móholt [2]	Dalagirðingur [33]
Lómatjörn [3]	Arnargirðingur [34]
Vatnsbarð [4]	Staðarhorn [35]
Merkjaklöpp [5]	Sandvíkurhlíð [36]
Gálutraðavatn [6]	Stóri-Urðargarður [37]
Skötunes [7]	Litli-Urðargarður [38]
Gálutröð [8]	Urðarklettur [39]
Gálutraða[r]engjar og -hlíð [9]	Skeggjaklöpp [40]
Skeljagarður [10]	Sandvíkurkampur [41]
Hjörtu [11]	Sandvíkurflatir [42]
Steinbogi [12]	Sandvík [43]
Svaðar [13]	Sandvíkurtjörn [44]
Staðarhlíð [14]	Sandvíkurlækur [45]
Stöð (Brimlárhöfði) [15]	Hulduklettur [46]
Hrafnagjá [16]	Básar [47]
Stóraskriða [17]	Stallar [48]
Langigeiri [18]	Tangaflögur [49]
Litlaskriða [19]	Bjargtá [50]
Biskupssteinn [20]	Bjargtangi [51]
Krømmengi [21]	Þjófasker [52]
Móflói [21 A]	Krossnesbjarg [53]
Botnlausipyttur [22]	Bjargtjörn [54]
Karlshúsalækur [23]	Barð [55]
Lækjarnes [24]	Rauðusteinalækur [56]
Holtið [25]	Langisnagi [57]
Múlalækur [26]	Stólpi [58]
Stekkjjarbarð [27]	Hæðin [59]
Múli [28]	Bjargflói [60]
Múlahorn [29]	Kiðanes [61]
Múlahlíð [30]	Krossnesvatn [62]
Dalir [31]	Grjóthólmi [63]

Skothúsvík [64]
Fótborð [65]
Hamarinn [66]
Heimabjargið [67]
Lindarauga [68]
Krossnesvör [69] (lendingarstaður)
Krossnesbær [70]
Rústir [71] (Bakkakot)

Rimi [72]
Krossnestún [72 A]
Forna-Krossnes [73]
Gullsteinn [74]
Karlshús [75]
Karlshúsaflói [76]
Bæjarlækur [77]

Stafrófsskrá örnefna.

Arnagirðingur 50 [34]	Hæðarhryggur 76
Bakkakot 11 [71]	Hærri-Borgir 35
Barð 81 [55]	Karlshús 17 [75]
Barnholt 13 [1]	Karlshúsaflói 12 [76]
Básar 64 [47]	Karlshúsalækur 16 [23]
Biskupssteinn 38 [20]	Kiðanes 82 [61]
Bjargflói 70 [60]	Kirkjurúst 19
Bjargtá 63 [50]	Krossnes, Forna- 18 [73]
Bjargtangi [51]	Krossnesbjarg 59 [53]
Bjargtjörn 69 [54]	Krossnestangar 66
Borgir 34	Krossnestún 72A
Borgir, Hærri- 35	Krossnesvatn 9 [62]
Borgir, Lægri- 36	Krossnesvör [69]
Botnlausipyttur 41 [22]	Krummengi 39 [21]
Brimlárhöfði 37 [15] = 7	Kvíastekkur 27
Bæjarlækur 84 [77]	Langigeiri 32 [18]
Dalagirðingur 49 [33]	Langisnagi 73 [57]
Dalir 48 [31]	Lindarauga 80 [68]
Forna-Krossnes 18 [73]	Litlaskriða 31 [19]
Fótborð 79 [65]	Litli-Urðargarður 56 [38]
Gálutraðarengjar 22 [9]	Lómatjarnarhólmi 1
Gálutraðarhlíð 23 [9]	Lómatjörn [3]
Gálutraðarvatn 3 [6]	Lægri-Borgir 36
Gálutröð 21 [8]	Lækjarnes [24]
Grjóthólmi 83 [63]	Merkjaklöpp 2 [5]
Gullsteinn 20 [74]	Merkjasteinn 5
Hamar 78 [66]	Móflói [21A] = 40
Heimabjarg 75 [67]	Móholt 14 [2]
Hjörtu 24 [11]	Mómýri 40 [21A?]
Holt 42 [25]	Múlahlíð 46 [30]
Hrafnagjá 33 [16]	Múlahorn 44 [29]
Hulduklettur [46]	Múlalækur 45 [26]
Hæð 77 [59]	Múlar 43 = 28 [28]?

Múli 28 [28] = 43?
Rauðusteinalækur 71 [56]
Rimi 10 [72]
Sandvík 61 [43]
Sandvíkurflatir 60 [42]
Sandvíkurhlíð 47 [36]
Sandvíkurkampur 58 [41]
Sandvíkurlækur 62 [45]
Sandvíkurtjörn [44]
Skeggjaklöpp 57 [40]
Skeljagarður 25 [10]
Skothúsvík 72 [64]
Skötunes 4 [7]
Staðarhlíð 6 [14]
Staðarhorn [35]
Staðarrönd 52
Stallar 65 [48]
Steinbogi 26 [12]
Stekkjjarbarð [27]
Stólpi 74 [58]
Stóraskriða 30 [17]
Stóri-Urðargarður 54 [37] = 53
Stöð 7 [15] = 37
Svaðar 29 [13]
Tangflögur 67 [49]
Tröllakirkja 51 [32]
Urðargarður 53 = 54 [37]
Urðargarður, Litli- 56 [38]
Urðargarður, Stóri- 54 [37] = 53
Urðargarður, Ytri- 8
Urðarklettur 55 [39]
Vatnsbarð 15 [4]
Ytri-Urðargarður 8
Þjófasker 68 [52]